

eða sveitarstjórnnum. Stjórninni er skylt að kalla saman starfsráð til fundar, þegar taka þarf meiri háttar ákvarðanir svo og ef einhver starfsnefnd oskar eftir fundi.

7. gr.

Félagsfundir og skoðanakannanir

Félagsfundir og skoðanakannanir skal halda samkvæmt ákvörðun stjórnar eða starfsráðs. Félagsfundir skal ávallt halda, ef minnst 20 félagsmenn krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður, nema um lagabreytingar sé að ræða sbr. 5. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði

Fyrsta stjórn samtakanna skal kosin á stofnfundi og skal hún sitja til aðalfundar 1970. Starfsnefndir skulu kjörnar á félagsfundum, sem halda skal eigi síðar en fyrir októberlok 1969. Skal með hlutkesti skorið úr um það, í hvaða nefndir skuli kosið á ný á aðalfundi 1970. Á stofnfundi skal kosið 15 manna fulltrúaráð, sem starfi til hausts, þar til starfsnefndir verða kjörnar.

DRÖG AÐ LÖGUM

SAMTAKA FRJÁLSLYNDRA

1. gr.

Nafn og starfssvæði

Samtökin heita Samtök frjálslyndra. Starfssvæði þeirra er Reykjavík og Reykjaneskjördæmi.

2. gr.

Tilgangur og hugsjónagrundvöllur

Samtökin eru þjóðmálafélag og vinna að sífældri endurnýjun íslenskra þjóðfélagshátta á grundvelli jafnaðarstefnu, samvinnuskipulags og frjálshyggju, þannig að lífsskilyrði batni, lýðræðisleg réttindi manna aukist á öllum sviðum þjóðlífsins og Íslendingar séu ætíð færir um að halda uppi sjálfstæðu og blómlegu þjóðfélagi í landi sínu. Í þessu skyni leitast samtökin við að sameina innan sinna vébanda alla þá, sem reiðubúnir eru að leggja lið gagngerri endurskoðun og úrbótum á ríkjandi stjórnarháttum og valdakerfi.

3. gr.

Aðild

Félagi getur orðið hver sá, sem náð hefur 16 ára aldri, lýsir yfir stuðningi sínum við stefnu samtakanna sbr. 2. gr. og tilkynnir aðild sína til stjórnar samtakanna. Stjórnin getur þó borið aðildaryfirlýsingu undir félagsfund, og ræður þá einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum um aðild viðkomandi.

4. gr.

Stjórn og kosning hennar

Stjórn samtakanna skal skipuð 7 aðalmönnum og 4 varamönnum. Fráfarandi stjórn skal fyrir ágústlok ár hvert skipa 3ja manna kjörstjórn, sem sér um framkvæmd kosningarinnar. Skal hún gera tillögur um 11 menn í stjórn og leggja tillöguna fram á skrifstofu samtakanna og auglýsa kjörfund eigi síðar en hálfum mánuði fyrir kjördag. Hafa félagsmenn síðan viku frest til að koma viðbótartillögum sínum til kjörstjórnar. Skal útbúinn kjörseðill með þeim nöfnum í starfrófsröð, sem tillögur hafa borizt um.

Stjórnarkjör fer fram í byrjun októbermánaðar með allsherjar atkvæðagreiðslu í skrifstofu samtakanna og skal standa minnst eina helgi. Heimilt skal mönnum að bæta við á atkvæðaseðilinn nöfnum annarra félagsmanna en þeirra, sem á honum standa. Kosningarétt hafa allir þeir, sem eru á félagaskrá 3 vikum fyrir kjördag.

Þeir 7 menn, er flest atkvæði fá, mynda aðalstjórn, og skiptir hún með sér verkum. Næstu fjórir menn að atkvæðamagni verða varamenn í stjórn. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Félagsfundur fer með æðsta vald samtakanna, en milli funda fer stjórn með umboð þeirra og er jafnframt framkvæmdastjórn starfsráðs og fulltrúi samtakanna út á við.

5. gr.

Aðalfundur

Aðalfund samtakanna skal halda árlega eigi síðar en 1. nóvember. Kýs hann starfsnefndir, sem mynda starfsráð sbr. 6. gr. Kjörtímabil stjórnar er milli aðalfunda. Fastanefndir skulu kjörnar til tveggja ára, þó þannig að ávallt skal kjósa helming fastanefnda á hverjum aðalfundi. Aðrar starfsnefndir skulu kosnar til eins árs.

Lagabreytingar skulu samþykktar á aðalfundi, en til þess að þær nái fram að ganga, þurfa þær minnst 2/3 atkvæða þeirra, er fund sækja.

6. gr.

Starfsnefndir og starfsráð

Aðalfundur kýs starfsnefndir sbr. 5. gr. og skulu jafnan starfandi 12 fastanefndir til að fjalla um eftirtalin málefni :

1. Utanríkismál
2. Menntamál
3. Heilbrigðis- og sjúkratryggingamál
4. Félags- og sveitastjórnarmál
5. Verkalýðsmál
6. Æskulýðs- og íþróttamál
7. Viðskiptamál
8. Sjávarútvegsmál
9. Landbúnaðarmál
10. Iðnaðarmál
11. Samgöngumál
12. Stjórnskipunar- og stjórnarfarsmál

Einnig skal kjörin árlega sérstök fjáröflunarnefnd samtakanna. Auk þess getur aðalfundur ákveðið að kjósa nefndir til að fjalla um önnur mál. Í hverri nefnd skulu vera 5-7 menn. Enginn má sitja í fleiri starfsnefndum en tveimur. Starfsnefndir skulu vinna að tillögum og álitserðum um þá málaflokka, sem þær fjalla um. Skulu þær lagðar fyrir starfsráð og/eða félagsfundi til umræðu og samþykktar og síðan birtar opinberlega.

Stjórn félagsins og varastjórn ásamt starfsnefndum og fjáröflunarnefnd mynda starfsráð og er stjórn félagsins jafnframt stjórn starfsráðs. Þjóði samtökin fram í kosningum, skulu frambjóðendur þeirra einnig fá sæti í starfsráði, svo og kjörnir fulltrúar samtakanna á Alþingi eða borgar-, bæjar-